

16. október 2015

Tilvísun: 1509220

Nefndasvið Alþingis  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)  
 Kirkjustræti  
 150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn Seðlabanka Íslands við frumvarp til breytinga á upplýsingalögum nr. 140/2012 (kaup á vörum og þjónustu), 19. mál

Með tölvupósti, dags. 28. september sl., óskaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til breytinga á upplýsingalögum nr. 140/2012, 19. mál.

Sambærileg umsagnarbeiðni barst Seðlabanka Íslands 20. maí sl. vegna 272. máls á 144. löggjafarþingi. Umsögn bankans var send nefndasviði Alþingis þann 4. júní sl. með eftirfarandi athugasemdum:

- Í fyrsta lagi er þau fjárhæðarviðmið sem notast er við of lág að mati Seðlabanka Íslands. Með því að hafa viðmiðin jafn lág og raun ber vitni er hætt við að tilkynningarskyldan reynist of íþyngjandi fyrir þá aðila sem ákvæðið á að ná til.
- Í öðru lagi er uppgefinn frestur ekki raunhæfur að mati Seðlabanka Íslands. Það er ekki tryggt að reikningar vegna hvers mánaðar hafi borist fyrir 10. dag næsta mánaðar. Þegar reikningar berast fara þeir auk þess í hefðbundið ferli (bókun, samþykkt o.s.frv.) sem alla jafna er ekki lokið fyrir 10. dag næsta mánaðar.
- Í þriðja lagi setur Seðlabanki Íslands fyrirvara við það fyrirkomulag að binda takmarkanir á upplýsingaskyldu við almannahagsmuni samkvæmt 10. gr. og gera þar með aðrar takmarkanir í II. kafla laganna óvirkar.
- Í fjórða lagi er fyrirjáanlegt að upp komi aðstæður sem gera Seðlabanka Íslands ómögulegt að uppfylla upplýsingaskyldu samkvæmt nýrri 13. gr. a. vegna þagnarskyldu samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Sem dæmi má nefna kaup og afgreiðslu á peningaseðlum og mynt, en slík innkaup bankans rúmast tæplega innan 10. gr. upplýsingalaga um takmarkanir á upplýsingarétti vegna almannahagsmuna.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Sigríður Logadóttir*

Sigríður Logadóttir,  
 aðallögfræðingur

*Ólafur Páll Ólafsson*

Ólafur Páll Ólafsson,  
 lögfræðingur